

Góðan dag

Við íbúar við Hádegisskarð 29 - Böðvar Ingi Guðbjartsson og Lína Guðnadóttir viljum skila inn okkar mótmælum varðandi breytingar á deiluskipulagi við Hádegisskarð 22.

Við erum orðin mjög langþreytt á sífelldum breytingum í þessari götu. Þegar við sóttum um lóð hér haustið 2017 var skýrt tekið fram að engar breytingar yrðu gerðar á skipulagi.

Annað hefur komið í ljós þar sem breytingar hafa verið gerðar á öllum lóðunum í kringum okkur. Lóðir 25 og 27 urðu parhús í stað tvíbýlishús - Lóð 31 er einbýli í stað tvíbýlis. Lóð 26 er nú orðin þríbýli í stað tvíbýlis og þar að auki með þaki hallandi í aðra átt en skipulag hér gerði ráð fyrir. Ekki sérlega fallett fyrir heildar útlitið á götunni. Hafnarfjarðarbær setti auðvitað fordæmi með því að setja þök á kofana framar í götunni sem halla í aðra átt en öll önnur þök í hverfinu sem stingur í stúf við hverfið. Það stendur þó til að breyta þeim þökum og snúa þeim í rétta átt skv. teikningum og upplýsingum sem finna má á hafnarfjardarbær.is ásamt fleiri betrum bætingum við kofa byggðina.

Skv. upplýsingum sem við fengum þegar sótt var um lóð hér - fóru fram vindmælingar sem sýndu fram á að best væri að hafa einhalla þök sem sneru fram uppá að brjóta vind - sem voru ástæða fyrir hallandi þökum í skilmálum. Lóð 24 hefur einnig fengið stækkað íbúðar magn og sömuleiðis lóð 20. Hér hefur því verið heilmikil íbúa fjölgun - en ekki bílastæðafjölgun.

Lóðin sem nú um ræðir er lóð nr 22. Hún er skráð á deiliskipulagi sem tvíbýli - en nú á að bæta þar við einni íbúð í viðbót - þó eiga bara að vera þrjú bílastæði. Göturnar hér í Skarðshlíðinni eru ekki breiðari en annarsstaðar. Bílaflotinn sem nú þegar er kominn í götuna er stundum meira en nóg og iðulega er lagt meðfram götunni þar sem ekki eru stæði við hús. Það hefur nú þegar orðið heilmikil íbúðar- og íbúa fjölgun við þessa götu. Þetta er í annað sinn sem við fáum deiliskipulagsbreytingu vegna lóðar nr. 22 - Við höfum áður mótmælt því að þessari lóð verði breytt.

Það er virkilega slæmt og leitt að þurfa að standa í þessu stappi. Að þurfa að fylgjast með á fundargerðum um leið og þær birtast á netinu og krossa hreinlega fingur með lokuð augun uppá hvað það verði eiginlega næst sem kemur varðandi skipulagið í þessu hverfi.

Það er líka frekar lélegt að setja upp deiliskipulag fyrir hverfi - auglýsa það þannig, útdeila og selja lóðir með þeim skilmálum - og svo einfaldlega breyta þeim - og það ekki smávægilega - heldur ítrekað og á stóran hátt.

Þessi gata eins og hún er núna - er sannarlega ekki sú gata sem ég hélt að ég væri að fjárfesta í þegar ég sótti um og valdi þessa lóð. Mér finnst ég hafa keypt af ykkur vöru sem þið sannarlega voruð ekki að selja.

Við förum því fram á að lóð nr. 22 verði tvíbýlishúsa lóð eins og fram kemur á deiliskipulagi. Verktaki sem sækir um og kaupir lóð sem er auglýst með ákveðnum íbúðafjölda verður að gera sér grein fyrir því

að það er það sem hann er að kaupa. Ekki stærri lóð. Ef hann vill byggja fleiri íbúðir - þá þarf að sækja um lóð sem er með deiluskipulagi fyrir hærra íbúðarmagn.

Kveðja

Hafnarfjarðarkaupstaður
Bt. Umhverfis- og skipulagssviðs
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður

Okkur barst grenndarkynning vegna breytinga á deiluskipulagi fyrir lóðina að Hádegisskarði 22 og viljum gera eftirfarandi athugasemdir.

- Nú þegar hefur verið aukið við fjölda íbúða í götunni miðað við upprunalegt deiliskipulag. Með auknum fjölda íbúða og þar á meðal íbúum er meira álag á götunni, meiri umferð og aukinn bílastæðavandi. Við gerum því athugasemdir við að íbúðum sé fjölgað úr tveimur í þrjár.
- Samkvæmt breytingartillögu er tilgreint að bílastæðum á lóðinni verði fjölgað úr tveimur í amk þrjú. Þetta orðalag er mjög óskýrt og býður upp á að bílastæði verði fleiri en þrjú þar sem þau geta verið fleiri en eitt fyrir hverja íbúð. Bílastæðið sem fyrirhugað er að bæta við mun vera vestan megin við húsið, fjarri hinum bílastæðunum austan megin. Það leiðir að sér tvær mismunandi innkeyrslur á lóðina sem er meira íþyngjandi fyrir götuna en ein innkeyrsla. Ef til þess kemur að fjölgun íbúða verði leyfður, óskum við eftir að orðalagi verði breytt úr „amk eitt bílastæði á íbúð“ í „eitt bílastæði á íbúð“

Á fundi Skipulags- og byggingaráðs þann 15. febrúar 2022 var breytingartillögu fyrir lóðirnar að Drangsskarði 13 og Hádegisskarði 22 hafnað í ljósi athugasemda sem lagðar voru fram. Margar þessar athugasemdir eiga enn við rök að styðjast þrátt fyrir að breytingartillögunum hafi verið breytt og tókum við undir þær athugasemdir.

Með kveðju,

Guðmunda Vilborg Jónsdóttir og Sigfús Örn Sigurðsson
Hádegisskarð 31